

13. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima

15. janúar 2014, kl. 8:15 - Nýheimum, Höfn í Hornafirði

Mætt:

Ragnhildur Jónsdóttir, formaður stjórnar
Eyjólfur Guðmundsson, varaformaður stjórnar
Árdís Erna Halldórsdóttir, Ríki Vatnajökuls
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofnun Suðausturlands
Vala Garðarsdóttir, Hornafjarðarsöfn
Tinna Björk Arnardóttir, Nýsköpunarmiðstöð
Fanney Björg Sveinsdóttir, SASS

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson

Fundarritari: Ragnhildur Jónsdóttir

Dagskrá

1. Undirbúningur fyrir fjarfundinn með aðilum á Suðurlandi kl. 10:00, þar sem m.a. var rætt um að í nánustu framtíð myndum við bjóðra Klaustri í heimsókn á Höfn til að ákveða frekara samstarf þar á milli.
2. Rætt um meðferð fundargerða og ákveðið að:
 - a) Ritari og fundarstjóri undirrita fundargerðir eftir að athugasemdir hafa komið fram og fundargerð samþykkt.
 - b) Frumritið sett í möppu og skannað til varðveislu í rafrænu formi.
 - c) Ákveðið að halda áfram að númera fundargerðir eins og verið hefur.
3. Önnur mál
 - a) Árdís lagði fram hugmynd um að gera geymslu í skotinu fyrir framan fremstu skrifstofurnar á frumkvöðlagangi. Umræður spunnust um almennan geymsluvanda stofnana í sveitarfélaginu. Samþykkt að athuga frekar að koma þarna fyrir rúmgóðum skápum. Rætt um fullnaðarfrágang á fyrirlestrarsalnum, sviðinu og skipta út núverandi sætum fyrir sæti sem þægilegt er að sitja í.
 - b) Vala vakti athygli á því að nú væri búið að segja upp húsnæði sem skapandi fólk og listamenn hafa hingað til haft í Miklagarði. Þá hefur þetta fólk ekki í neitt hús að venda með sköpun sína þar sem rými í Vöruhúsinu eru fullbókuð. Reyndar tekur Þrykkjan þar nánast heila hæð. Vala benti ennfremur á að gamla mjólkurstöðin væri til sölu og væri hún kjörin fyrir slíka starfsemi og gæti hún hafist þar án nokkurs tilkostnaðar. Stjórn Nýheima telur afar brýnt að sveitarfélagið hafi forgöngu um að finna lausn á þessum og öðrum húsnæðisvanda í samvinnu við fleiri aðila.

Fundi slitið kl. 9:10

Ragnhildur Jónsd